



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Ministry of Education, Science and Culture

Sölvholsgata 4 · IS-150 Reykjavík, Iceland

tel.: +(354) 545 9500 · fax: +(354) 562 3068

postur@mrn.stjr.is

ministryofeducation.is

Elfa Ýr Gylfadóttir
Logalandi 34
108 Reykjavík

Reykjavík 3. maí 2012

Tilv.: MMR12020411/2.3.4-

Á 138. löggjafarþingi Alþingis (2009-2010) var samþykkt sem 383. mál þingsályktunartillaga um afgerandi lagalega sérstöðu Íslands varðandi tjáningar- og upplýsingafrelsi, sem er svohljóðandi:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita leiða til að styrkja tjáningarfrelsi, málfrælsi, upplýsingamiðlun og útgáfufrelsi auk þess sem vernd heimildarmanna og afhjúpenda verði tryggð.

Í þessu skyni verði:

- a. gerð úttekt á lagaumhverfinu svo að hægt sé að afmarka viðfangsefnið og undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar eða nýja löggjör,
- b. litið til löggjafar annarra ríkja með það að markmiði að sameina það besta til að skapa Íslandi sérstöðu á sviði tjáningar- og upplýsingafrelsins,
- c. kannaðir möguleikar þess að koma á fót fyrstu alþjóðaverðlaununum sem kennd yrðu við Ísland, Íslensku tjáningarfrelsissverðlaununum,
- d. gerð úttekt á viðbúnaði ríkisins, einkum á sviði öryggismála, vegna starfækslu alþjóðlegra gagnavera hér á landi,
- e. haldir alþjóðleg ráðstefna á Íslandi um breytingar á lagasetningu og netnotendaumhverfi með tilkomu gagnavera og hvaða réttarreglur gilda um netið.

Við starfið verði leitað aðstoðar sérfróðra erlendra aðila.

Markmiðið verði lýðrædisumbetur þar sem traustum stoðum verði komið undir útgáfustarfsemi og ásýnd landsins í alþjóðasamfélagini efla.

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur verið falið að vinna að framgangi tillögunnar og hefur hann akveðið að skipa stýrihóp til að vinna að framgangi þingsályktunarinnar.

Þér eruð þér hér með skipuð í stýrihóp mennta- og menningarmálaráðherra um þingsályktun um afgerandi lagalega sérstöðu Íslands varðandi tjáningar- og upplýsingafrelsi.

Stýrihópurinn er þannig skipaður:

Ása Ólafsdóttir, kt. 010970-3699, formaður stýrihóps,

Tryggvi Björgvinsson, kt. 220482-4059, samkvæmt tilnefningu mennta- og menningarmálaráðuneytis,

Halla Gunnarsdóttir, kt. 080181-2999, samkvæmt tilnefningu innanríkisráðuneytis,

Davíð Logi Sigurðsson, kt. 080372-4859, samkvæmt tilnefningu utanríkisráðuneytis,

Elfa Ýr Gylfadóttir, kt. 241171-3889, samkvæmt tilnefningu fjölmíðlanefndar og

Smári McCarthy, kt. 070284-2789, samkvæmt tilnefningu IMMI, aþjóðlegrar stofnunar um upplýsinga- og tjáningarfrelsi.

Margrét Magnúsdóttir lögfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneyti verður sérstakur starfsmaður stýrihópsins en ráðuneytið mun að auki leggja stýrihópnum til aðra starfskrafta eftir þörfum.

Stýrihópnum er ætlað hafa forsögn um og leiða vinnu ráðuneytisins við greiningu og úttekt á lagaumhverfinu hér á landi og erlendis með tilliti til efnis þingsályktunarinnar, einkum stafliði a og b, með hliðsjón af þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands. Stýrihópurinn skal eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að hann hefur verið skipaður skila til ráðuneytisins nákvæmri verkefnis- og kostnaðaráætlun fyrir vinnslu verkefnisins. Stýrihópurinn skal upplýsa ráðuneytið reglulega um framgang verkefnisins í því skyni að ráðherra geti uppfyllt tilkynningaskyldu sína til Alþingis skv. þingsályktuninni.

Stýrihópurinn skal skila tillögum sínum til ráðuneytisins í formi greinargerðar með umfjöllun um helstu álitaefni og stefnumörkun fyrir helstu efnispætti nauðsynlegra lagabreytinga í samræmi við niðurstöður hennar. Stýrihópurinn skal hún hafa lokið störfum eigi síðar en 1. maí 2013. Umfjöllun í greinargerð stýrihópsins skal vera greinandi með ítarlegum rökstuðningi fyrir ástæðum tillagna, styrkleikum þeirra og ávinnungi. Á grundvelli greinargerðar stýrihópsins verður svo samið heildstætt lagafrumvarp í ráðuneytinu.

Um greiðslur til nefndarmanna fer skv. reglum þóknananefndar ráðuneytisins. Stýrihópurinn skal ekki stofna til kostnaðar án heimildar ráðuneytisins.

Formaður stýrihópsins ber ábyrgð á að fundargerðum og niðurstöðum nefndarstarfs sé skilað til ráðuneytisins.



Katrín Jakobsdóttir



Ásta Magnúsdóttir